

Stjörnugrís hf
Saltvík 1
162 Reykjavík

Reykjavík, 5.10.2023
UST202302-117/K.K.
08.12.02

Efni: Fyrirvaralaust eftirlit þann 15. ágúst 2023 – Stjörnugrís að Melum

Þann 15. ágúst 2023 fór fram fyrirvaralaust eftirlit í Stjörnugrís að Melum. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Þrjú frávik eru útistandandi varðandi yfirbyggingu haugpróar, malbikun lóðar og ófullnægjandi árekstrarvarnir við olíutanka á lóð rekstraraðila.

Eitt frávik kom fram í fyrirvaralausá eftirlitinu er varðar grein 6.1 í starfsleyfi og 2. mgr. 40. gr. í lögum 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Frávikið varðar upplýsingaskyldu rekstraraðila. Ef frávik verða skal rekstraraðili upplýsa eftirlitsaðila tafarlaust um það. Farið verður yfir verkferla um tilkynningar til Umhverfisstofnunar í næsta eftirliti.

Virðingarfyllt

Kristín Kröyer
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur